

Skýrsla Stjórnar 2024

Hestamannafélagið Borgfirðingur telur í dag 438 féлага. Eftir síðasta aðalfund hélt stjórn fund og skipti stjórn með sér verkum á þeim fundi. Stjórnin var þá þannig skipuð að auk mín, Friðrika Ásmundsdóttir gjaldkeri, Kristín Kristjánsdóttir ritari, Steinunn Árnadóttir varaformaður og aðrir stjórnarmenn eru Rósa Björk Jónsdóttir, Halldór Sigurkarlsson, Gunnar Halldórsson og Ólafur Axel Björnsson. Haldnir voru 12 stjórnarfundir á starfssárinu.

Nefndir hestamannafélagsins störfuðu ötullega á árinu og var þó nokkuð um að vera eins og ávallt. Hvað mótahald varðar var haldin KB mótaröð ásamt Grímu tölt, kvennatölti, íþróttamóti og gæðingamóti. Það voru fleiri mót haldin hér í vor og tókust þau öll mjög vel. Hestamannafélagið Borgfirðingur sendi flotta fulltrúa á glæsilegt Landsmót og stóðu okkar fulltrúar sig mjög vel. Mótið var haldið í Reykjavík af hestamannafélögunum Fáki og Spretti.

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Borgarnesi um verslunarmannahelgina. Borgfirðingur sá um hestakeppnisgreinarnar og komu 25 skráningar á mótið. Mótið gekk mjög vel og endaði á sýningu félagsmanna hjá hestamannafélaginu Þyt á hestafimleikum. Var það mjög skemmtilegt atriði.

Þá vil ég segja frá því að Hestamannafélögin hér á Vesturlandi hafa ákveðið að halda Fjórðungsmót Vesturlands næsta sumar og verður mótið haldið hér í Borgarnesi. Þá hefur fjórðungsmótsnefndin hafið störf en í henni sitja fyrir Hestamannafélagið Borgfirðing, Iðunn Svansdóttir og Randi Holaker ásamt mér.

Fulltrúar okkar í stjórn fjórðungsnefndar unnu umsókn um styrk til Borgarbyggðar til framkvæmda á reiðvelli og félagssvæði Borgfirðings fyrir Fjórðungsmótið. Búið er að afgreiða umsóknina og fékk félagið 6 milljónir til að undirbúa svæðið fyrir þetta stóra mót. Kunnum við Borgarbyggð bestu þakkir fyrir.

Á árinu var farið í að útfæra reglur félagsins vegna útreiknings á íþróttamanni ársins ásamt því að verðlauna fleiri hópa og keppendur félagsins sem hafa staðið sig vel. Voru nýju reglur settar á heimasíðu félagsins óskað var eftir athugasemdum frá félögum. Það barst ein athugasemd sem var tekin fyrir á stjórnarfundum og í framhaldinu voru reglur samþykktar af stjórn. Vegna þessa breytinga verður haldin uppskeruhátíð Borgfirðings í næstu viku og þar verða veitt verðlaun fyrir árangur á síðasta keppnisári bæði fyrir hestaíþróttir og ræktun. Vonumst við í stjórninni til þess að við munum eiga þar skemmtilega kvöldstund saman.

Fræðslunefnd hélt viðburði sem komu mjög vel út fyrir félagið fjárhagslega og var farið í að kaupa og setja upp spegla í reiðhöllinni og er því verki lokið að mestu. Einnig var keyptur lokaður skítagámur sem er staðsettur við reiðhöllina. Kostnaður við að leigja gám af Terra var orðin of hár og var það mat stjórnar að hagkvæmara væri fyrir félagið að eiga gám. Við verðum að vinna að því áfram að byggja upp reiðhöllina okkar og halda henni við.

Landsamband hestamanna hélt Landsþing hestamanna hér í Borgarnesi þann 25. október síðastliðinn. Að halda svona landsþing krefst mikils undirbúnings og skipulags og er það upplifun okkar sem unnum að viðburðinum að það hafi tekist ágætlega til hjá okkur að halda þingið. Á þinginu var kosin nýr formaður Landssambandsins en Linda Björk Gunnlaugsdóttir var kosin formaður LH og varð okkar félagsmaður Guðni Halldórsson að lúta í lægra haldi. Viljum við þakka Guðna fyrir sín störf fyrir okkur hestamann ásamt því að óska Lindu til hamingju með kjörið.

Hestamannafélagið Borgfirðingur sótti um framkvæmdarstyrk til Borgarbyggðar til að setja nýja klæðningu á félagsheimilið okkar og fengum við styrk í það verkefni og vonandi fáum við fleiri krónur í það svo að hægt verði að framkvæma það sem fyrst.

Síðasta vetrardag hélt Borgfirðingur reiðhallarball með hljómsveitinni Made in sveitin. Það var góð mæting á ballið þó að við sem komum að viðburðinum hefðum viljað fá enn fleiri, viljum við ekki alltaf meira? Ballið gekk mjög vel og skilaði þó nokkrum krónum til félagsins eða hátt í 2 milljónir eins og sést í ársreikningi.

Á hluthafafundi Vindás ehf. var komið með tillögu af viðbyggingu (anddyri) við reiðhöllina og tóku hluthafar vel í að kanna með það. Stjórn Vindásar sendi erindi til Borgarbyggðar um hvort Borgarbyggð væri til í að fara í verkefnið og myndi þá greiða sinn hlut af kostnaði. Kostnaðaráætlunin er upp á 10.777.000 Það hefur borist svar frá Borgarbyggð þar sem þau samþykkja að fjármagna verkefnið.

Í lokin vil ég þakka fyrir starfsárið. Þetta hefur verið skemmtileg vinna með góðu og skemmtilegu fólki. Ég vil þakka öllum þeim fjölmörgu sem hafa komið að sjálfböðavinnu fyrir félagið á starfsárinu. Eins vil ég þakka ykkur kæru félagar, öllum félagsmönnum Borgfirðings sem eru í grasrótinni okkar.

Einnig vil ég þakka öllum okkar styrktaraðilum og þá vil ég sérstaklega þakka Borgarbyggð fyrir styrkina og skilning á þeim verkefnum sem við erum að vinna. Það er alveg ljóst að styrktaraðilar eru nauðsynlegir í okkar starfsemi.

Síðan verðum við að muna að félagsskapur eins og okkar getur ekki dafnað nema grasrótin sé virk og öflug. Við verðum öll að hjálpast að.